

Fjárlaganefnd Alþingis

Austurstræti 8 - 10

101 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2025

### Afreksstarf í íþróttum á Íslandi, til framtíðar

Unnið hefur verið að bættri umgjörð afreksíþrotta á Íslandi í tvö ár og gríðarmikið starf liggur að baki þeirrar vinnu. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis var skipaður í janúar 2023 um stöðu og réttindi afreksíþrottafólks og skilaði hópurinn skýrslu í apríl 2024 þar sem staðan í málaflokknum var skýrð og margar tillögur voru settar fram um aðgerðir til að efla og styrkja afreksíþrottastarfið í landinu. Miklar væntingar eru af hálfu íþróttahreyfingarinnar um framgang þessara tillagna enda um umbyltingu að ræða í umgjörð afreksíþrottafólks á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að gera umgjörð um íslenskt afreksíþrottafólks sem næst sambærilega við það sem er hjá þjóðum sem viðberum okkur helst saman við. Tillögurnar fela meðal annars í sér:

- Stofnun Afreksíþrottamiðstöðvar Íslands. Mikilvægt hlutverk hennar er að styrkja sérsambönd og íþróttafélög að sinna sínu afreksstarfi. Einnig að bæta umhverfi og efla starfsumhverfi íþróttþjálfarans, með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra. Þar mun starfa öflugt fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá átta ólíkum fagsviðum íþrotta.
- Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSÍ.
- Stofnun launasjóðs afreksíþrottafólks og þjálfara til að styðja viðafreksíþrottafólkið og tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.
- Aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar til að lágmarka kostnaðarþátttöku iðkenda í landsliðsstarfi. Háar greiðslur foreldra vegna þátttöku barna og unglunga í landsliðsverkefnum eru til þess fallnar mismuna einstaklingum eftir fjárhag foreldra.
- Aukið fjármagn til ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.
- Hækkun fjárframlags til reksturs sérsambanda.
- Hvatakerfi sem hefur það að markmiðið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.
- Efling samvinnu og tengsla Afreksmiðstöðvar við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélagunum, auk foreldrafræðslu.

- Aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi unglinga úr íþróttum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að kynna tillögur starfshópsins fyrir öllum þingflokkum og að störfum er þverpólitísk þingmannanefnd sem unnið hefur að málinu.

Gríðarlega mikilvægt er að halda takti í þessari vinnu svo hægt verði að ná þeim árangri sem stefnt hefur verið að enda hefur mikil orka og tími farið í undirbúning þess og úrvinnslu.

Krafa er gerð um að íþróttahreyfingin fái þann stuðning sem rætt hefur verið um til að hægt verði að tryggja faglegt og gott afreksíþróttastarf í landinu. Til þess þarf stórauukið fjármagn til málaflokksins eins og kynnt hefur verið.

Það væri mikill skaði fyrir hreyfinguna ef tímabundið ástand á Alþingi leiddi til þess að þessi áform verði að engu.

Vert er að minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks. Þá kemur fram í fjármálaáætlun 2025 -2029 að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf.

Akstursíþróttasamband Íslands(AKÍS) reiðir sig að miklu leyti á úthlutanir úr afrekssjóði ÍSÍ. Hækkun á framlögum ríkisins í sjóðinn gætu gjörbreytt rekstrarumhverfi AKÍS. Stöðnun eða rýrnun þessara framlaga getur hins vegar á mjög skömmum tíma eyðilagt þann mikla árangur sem að náðst hefur undanfarin ár í afreksstarfi, aukinni ungliðun og þátttöku stúlkna í akstursíþróttum.

Fagmennska innan íþróttahreyfingarinnar er stöðugt að aukast. Innan raða AKÍS hefur aukin áhersla verið sett á menntun þjálfara, dómara, keppnishaldara, öryggisfulltrúa og keppenda. Því hefur AKÍS varið töluverðum fjármunum af sínu árlega rekstrarfé til námskeiðahalds .

Kröfur um öryggi mun ávallt gert hátt undir höfði í akstursíþróttum og eðlileg þróun að þessar kröfur aukist með hverju ári og með fenginni reynslu úr keppnishaldi. Hvað þetta varðar fylgjum við þeim kröfum sem að gerðar eru af alþjóðasambandinu FIA. Öryggi kostar en kostnaður þess grunn-búnaðar sem að nauðsynlegur er hleypur á hundruðum þúsunda. Endingartími þessa búnaðar er líka takmarkaður þannig að hann þarf að endurnýja reglulega. Þessi kostnaður leggst á keppendur og fjölskyldur þeirra

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst í að auka þátttöku kvenna og stúlkna í akstursíþróttum með ágætum árangri. Í gegnum tíðina hafa akstursíþróttir aðallega verið stundaðar af körlum en undanfarin ár hefur orðið breyting þar á. Árið 2022 var hlutfall kvenna tæplega 16% af heildarfjölda iðkenda en árið 2023 hafði það fallið niður í tæp 10%. Ljóst er að ekkert má slaka á í þeirri vinnu sem að unnin hefur verið undanfarin ár.

Aukin þátttaka ungmenna í akstursíþróttum er einnig verkefni sem er mjög þarft. Akstursíþróttir eru almennt kostnaðarsamar og í mörgum tilfellum þarf dýr keppnistæki til. Því hefur mikill kraftur verið settur í það á undanförunum árum að liðka fyrir nýliðun og

auðvelda yngri keppendum að feta sín fyrstu spor í keppni. Þetta hefur verið gert meðal annars með því að búa til nýja flokka þar sem kostnaði er haldið niðri.

Innan AKÍS voru árið 2022 14% sautján ára og yngri en hlutfallið var komið niður í 5% árið 2023. Þetta skýrist af því að stórir hópar færðust upp í fullorðins flokka en ljóst að nýliðun ungmenna er ekki nægjanleg þar sem að ekki næst að halda uppi fjölda ungmenna í greinunum.

Kostnaður við þátttöku á mótum erlendis er að mestu leyti fjármagnaður af iðkendum og fjölskyldum þeirra. AKÍS hefur því miður ekki haft fjármuni til þess að styðja við að miklu marki. Aðstöðumunur fjölskyldna og fjárhagslegur styrkur þeirra er því ráðandi um það hvort að ungir afreksíþróttamenn fái þau tækifæri sem þau verðskulda. Með auknum framlögum frá afrekssjóði væri hægt að jafna stöðu þessara ungmenna þannig að allir hafi sömu tækifæri og nýtt sína hæfileika í keppni fyrir Íslands hönd.

AKÍS gefur árlega út alþjóðleg keppnisskírteini fyrir íslenska keppendur sem taka þátt í keppnum og mótum erlendis. Undanfarin ár hafa þetta verið um 30 einstaklingar sem keppt hafa, margir hverjir í því sem að myndi kallast úrvalsdeild í boltaíþróttum. Árangur og fjöldi keppenda er mjög góður og ef að miðað er við höfðatöluútreikninga þá er árangur eftirtektarverður á heimsvísu.

Nú í þessum mánuði fer fram FIA Motorsport Games en Ísland átti þar fjóra keppendur skráða. Kostnaður við þátttöku á móti sem þessu er mikill og því miður þá var hann of mikill fyrir helming okkar þátttakenda okkar. Þrettán ára efnilegur ökumaður í karti og tvítugur ára keppandi á heimsmælikvaða í drifti þurftu að draga sig út úr þátttöku á mótinu vegna kostnaðar. Þetta er veruleikinn sem að við horfumst í augu við, það að efnilegir keppendur okkar sem að hafa verið að keppa erlendis undanfarið með frábærum árangri komast ekki á þessa stærstu alþjóðlegu leika akstursíþróttanna.

Það er gríðarlega mikilvægt að ekki verði slegnar af þær hugmyndir um aukin framlög ríkisins til íþróttamála. Það verður erfiðara með hverju árinu að láta enda ná saman kostnaðarlega við rekstur sambandsins.

Fyrir hönd stjórnar Akstursíþróttasambands Íslands.

Jón Þór Jónsson

Formaður